



FUNDUR Í FRÆÐSLUNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

VEGNA BLÖNDUSKÓLA

Dagsetning: 18. ágúst 2014 kl. 17:00 í Blönduskóla.

Dagskrá:

1. Starfsmannaumsóknir
2. Kosningar á varaformanni og ritara
3. Skólamáltíðir
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

Anna Kristín Davíðsdóttir formaður setti fundinn og óskaði eftir breytingu á dagskrá.

1. **Starfsmannaumsóknir**

Umræða um starfsmannamál frestað vegna forfalla skólastjóra.

2. **Kosningar á varaformanni og ritara**

Ritari Kristín Jóna Sigurðardóttir samþykkt samhljóða. Varaformaður Eva Hrund Pétursdóttir samþykkt samhljóða.

3. **Skólamáltíðir**

Umræðu frestað.

4. **Önnur mál**

- a) Formaður hvatti nefndarmenn til að kynna sér hlutverk nefndarinnar.
- b) Formaður lagði fram erindisbréf nefndarinnar og nefndarmenn eiga að kynna sér það fyrir næsta fund. Því bíður afgreiðsla til Byggðaráðs vegna beiðni um umsögn um erindisbréfið.
- c) Formaður lagði fram bréf frá Valgerði Halldórsdóttur. Kynning á námskeiðum á hennar vegum.
- d) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málþings.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Anna Kr. Davíðsdóttir
Eva Hrund Pétursdóttir
Helgi Haraldsson

Kristín Jóna Sigurðardóttir